

193. Guðlaugur Þór Þórðarson (Hovedindlæg)

Frú forseti og kæru þingmenn í Norðurlandaráði. Í byrjun síðasta mánaðar hlotnaðist mér sá heiður að bjóða kollegum mínum til Borgarness á æskuslóðir mínar. Þessi sveit mín komst í heimsfréttirnar fyrir stuttu þegar þess var minnst að jökullinn Ok lauk æviskeiði sínu. Það er áminning til okkar um hversu viðkvæmt vistkerfi okkar er. Við eigum að nýta styrkinn í norrænu samstarfi, þekkingu okkar, þrautseigju og hugkvæmni í þágu nýrra lausna í loftslagsmálum eins og lagt er upp með í nýrri framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar. Í Borgarnesi gerði ég kollegum mínum grein fyrir áherslu formennsku okkar í Norðurskautsráðinu. Með sjálfbærni að leiðarljósi viljum við nýta efnahagsleg tækifæri til hagsbóta fyrir íbúa norðurslóða og við viljum samvinnu sem byggist á alþjóðlegum leikreglum. Til að svo megi verða þurfa norðurslóðir áfram að vera lágspennusvæði. Við ræddum enn fremur þá miklu athygli sem norðurslóðamál njóta nú, ekki síst frá stærri ríkjum. Bandaríkin sýna svæðinu mun meiri áhuga. Það er ánægjuefni enda viljum við að Bandaríkin séu sem virkust á alþjóðavettvangi. Það er mikilvægt að hafa í huga að núverandi aðstæður á alþjóðavettvangi kalla á meiri, ekki minni, samvinnu við bandamenn okkar. Við megum ekki gleyma því að við deilum sömu grundvallargildum og það er grundvallaratriði þegar um er að ræða fjárfestingar og þjóðaröryggi. Þegar við hittumst í Berlín fyrir tveimur vikum fór mestur tíminn í að ræða ástandið í norðausturhluta Sírlands en Norðurlöndin hafa öll fordæmt aðgerðir Tyrkja. Annars vorum við að halda upp á 20 ára afmæli sendiráðsbygginga í Berlín, flaggskipi utanríkisþjónustu okkar. Samstarfsformið í Berlín er dæmi um norrænt samstarf eins og það gerist best.

En það er ekki bara í Berlín sem samstaða og rödd Norðurlandanna vekur athygli. Norðurlöndin voru í fararbroddi þeirra ríkja sem settu umhverfismál og jafnréttismál á oddinn og barátta okkar í málefnum LGBTI-fólks hefur vakið verðskuldaða athygli. Þessi barátta okkar, ásamt fjölda annarra sem betur fer, hefur fært þessi mál frá jaðri inn á miðju í mörgum samfélögum. Við höfum í gegnum áratugina staðið dyggan vörð um marghliða alþjóðasamvinnu, frið og mannréttindi, lýðræðislegar leikreglur og grundvöll réttarríkisins. Slík barátta er ekki síst mikilvæg nú þegar réttarríkið á undir högg að sækja og falsfréttum er dreift eins og enginn sé morgundagurinn. Þetta gerum við ekki bara hér á Norðurlandaráðsþingi heldur einnig á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem Svíþjóð sat þar til nýverið við borðið í öryggisráðinu og Noregur sest þar vonandi senn; í mannréttindaráðinu, þar sem Ísland og Danmörk hafa verið, og í Evrópusamvinnunni, þar sem Finnland er nú í forsæti ráðherraráðs ESB eftir vel heppnað formennsku í Evrópuráðinu. Grænland og Færeyjar skipta miklu máli á norðurslóðum og í Norður-Atlantshafs samstarfinu og Álandseyjar eru fyrirmynd í sjálfbærni.

Á Berlínarfundinum var mikill samhljómur meðal okkar koleganna um það hvernig við gætum og ættum að deila reynslu okkar af samvinnu með öðrum þjóðum. Þar voru ríkin á Balkanskaga sérstaklega nefnd til sögunnar. Við þurfum líka að vinna þétt og náíð með vinum okkar og næstu nágrönnum á Bretlandseyjum, en þeir hafa sýnt mikinn áhuga á samvinnu við Norðurlöndin. Þó að sum okkar séu í NATO og önnur ekki, sum okkar í ESB en önnur ekki þá er samvinna okkar gott dæmi um ríki sem geta unnið þétt saman þrátt fyrir að hafa kosið mismunandi leiðir til að ná okkar utanríkispólitísku markmiðum. Löngu fyrir tíma innri markaðarins var sameiginlegum norrænum vinnumarkaði komið á fót. Norræna vegabréfasambandið var fyrirmynd Schengen-samstarfsins. Samstarf okkar á sviði mennta- og vísindamál var öðrum Evrópuríkjum innblástur. Ég nefni Nordplus og Nordjob sem dæmi. Öll þessi dæmi sem ég nefndi eiga eitt sameiginlegt. Þau hafa dregið úr hindrunum og greitt fyrir viðskiptum og samskiptum og því að íbúar Norðurlandanna hafa getað búið og unnið saman í sátt og samlyndi um áratugaskeið.

Samstarf Evrópuríkja er margþætt og flókið. En því opnari og sveigjanlegri

sem við erum fyrir mismunandi form af því þeim mun sterkari verða Norðurlöndin og þeim mun sterkari verður Evrópu í heild sinni. Stoltenberg-skýrslan frá 2009 reyndist sannarlega innspýting í norrænt samstarfs og leiddi til aukins samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála. Margt hefur breyst síðan. Nægir þar að nefna loftslagsbreytingar, nýjar hættur eins og netógnir og endurteknar tilraunir til að grafa undan marghliða alþjóðasamvinnu, alþjóðastofnunum og alþjóðalögum. Þess vegna höfum við fengið Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra á Íslandi, til að gera nýja skýrslu. Gert er ráð fyrir að nýjar tillögur liggi fyrir um mitt næsta ár. Ég hlakka til þeirra og með þessum orðum þakka ég fyrir mig og hlakka til umræðunnar hér á eftir.

Skandinavisk översättning

Fru President och ärade medlemmar i Nordiska rådet. I början av förra månaden fick jag hedern att bjuda mina kollegor på besök i Borgarnes, där jag är uppväxt. För inte så länge sedan hamnade den regionen i nyheterna världen över när man hedrade glaciären Ok, som då precis hade avslutat sin tillvaro. Det borde vara en påminnelse för oss om hur sårbart vårt ekosystem är. Vi måste använda oss av styrkan som finns i det nordiska samarbetet, våra kunskaper, vår uthållighet och vår uppfinningsförmåga för att hitta nya lösningar på klimatfrågorna i enlighet med Nordiska ministerrådets nya vision. I Borgarnes presenterade jag för mina kollegor Islands prioriteringar under vårt ordförandeskap i Arktiska rådet. Med hållbarhet som ledstjärna vill vi dra nytta av de ekonomiska möjligheter som finns, till fördel för invånarna i Arktis, och vi vill ha ett samarbete som bygger på internationella spelregler. För att detta ska bli möjligt måste Arktis förbli ett lågspänningsområde. Vi diskuterade också den stora uppmärksamhet som riktas mot Arktis just nu, inte minst från större länder. USA visar Arktis mycket större intresse än tidigare. Det är en glädjande utveckling eftersom vi gärna vill att USA spelar en så aktiv roll som möjligt internationellt. Det är viktigt att ha i åtanke att i den nuvarande internationella situationen behöver vi öka, inte minska, samarbetet med våra allierade. Vi får inte glömma bort att vi delar samma grundläggande

värderingar, vilket är fundamentalt när det gäller investeringar och nationell säkerhet. När vi träffades i Berlin för två veckor sedan lades det ner mest tid på att diskutera situationen i nordöstra Syrien, och alla de nordiska länderna har nu fördömt Turkiets agerande. För övrigt firade vi 20-årsjubileet av ambassadkomplexet i Berlin, de nordiska utrikesrepresentationernas flaggskepp. Samarbetsformatet som vi använder i Berlin är ett exempel på nordiskt samarbete när det fungerar som bäst.

Men de nordiska ländernas sammanhållning och gemensamma röst väcker inte uppmärksamhet enbart i Berlin. Norden har varit i täten när det gäller prioriteringen av miljö- och jämställdhetsfrågor, och vår kamp för att stärka HBTQI-personers rättigheter har fått välförtjänt uppmärksamhet. Genom den kampen har vi, och lyckligtvis många andra, flyttat frågan från att vara perifer till att utgöra en central debatt i många samhällen. Vi har under årtionden värnat om multilateralt internationellt samarbete, fred och mänskliga rättigheter, demokratins spelregler och rättsstatens grundvalar. Det är viktigt att vi för den kampen inte minst nu när rättsstaten står under hot och falska nyheter sprids som om solen aldrig skulle gå upp igen. Det gör vi inte bara här under Nordiska rådets session utan också inom FN, där Sverige intill nyligen hade en plats vid säkerhetsrådets bord och där Norge förhoppningsvis snart kommer att ha en representant; i rådet för mänskliga rättigheter, där Island och Danmark har haft platser; och inom EU-samarbetet, där Finland nu är ordförande i Europeiska unionens råd efter ett lyckat ordförandeskap i Europarådet. Grönland och Färöarna har en viktig roll i det arktiska sammanhanget och i det nordatlantiska samarbetet, och Åland är en förebild när det gäller hållbarhet.

På mötet i Berlin rådde det stor enighet mellan oss kollegor om hur våra erfarenheter av att samarbeta skulle kunna, och borde, delas med andra länder. Speciellt diskuterades länderna på Balkanhalvön. Vi måste också ha ett tätt och nära samarbete med våra vänner och närmaste grannar i Storbritannien, som har visat ett stort intresse för samarbete med de nordiska länderna. Trots att somliga av oss är medlemmar i NATO medan andra inte är det, och somliga men inte alla är med i EU, så är samarbetet oss emellan ett bra exempel på att länder kan arbeta tillsammans även om de har valt olika tillvägagångssätt för att uppnå sina utrikespolitiska mål.

Den gemensamma nordiska arbetsmarknaden fanns långt innan den inre marknaden etablerades. Den nordiska passunionen var en av förebilderna för Schengen-samarbetet. Vårt samarbete inom utbildning och vetenskap har varit en inspiration för andra länder i Europa. Jag nämner Nordplus och Nordjobb som exempel. Allt som jag har räknat upp har en sak gemensamt. Det har undanröjt hinder och underlättat handel och kommunikation, och gjort det möjligt för nordbor att leva och arbeta tillsammans i fred och harmoni under många årtionden.

Samarbetet mellan de europeiska länderna är mångsidigt och komplicerat. Men ju öppnare och mer flexibla vi blir när det gäller olika samarbetsformer, desto starkare blir Norden och desto starkare blir Europa som helhet. Stoltenberg-rapporten som utkom 2009 visade sig vara ett viktigt bidrag till det nordiska samarbetet och ledde till ökat samarbete i utrikes- och säkerhetsfrågor. Mycket har ändrats sedan dess. Nämnas kan klimatförändringar, nya risker som näthot, samt upprepade försök att försvaga det multilaterala internationella samarbetet, internationella organisationer och folkrätten. Därför har vi bett Björn Bjarnason, tidigare minister i Island, att redigera en ny rapport. Man räknar med att nya förslag kommer att föreligga runt mitten av nästa år. Jag ser fram emot att ta del av dessa förslag, och med de orden tackar jag för mig och ser fram emot debatten här om en stund.

Upplýsingar

Ræðunúmer

193

Gerð

Hovedindlæg

Notandi

[Guðlaugur Þór Þórðarson](#)

Speaker role

Islands udenrigsminister

Dagsetning

30.10.19 14:02

Mál

[Udenrigsministrenes redegørelse 2019 \(Dokument 13/2019\)](#)

